

Frumvarp til laga

um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laganna.

Markmið þessara laga er að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá og að tryggja að gildandi reglur um aðild starfsmanna hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun Evrópufélagsins.

Ef þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem taka þátt í stofnun Evrópufélags skal hann einnig gilda í Evrópufélaginu nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun Evrópufélagsins geri samkomulag um annað, eða ákvæði 16. gr. leiði til annarrar niðurstöðu.

Í því skyni að tryggja framangreind markmið skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í öllum Evrópufélögum í samræmi við málsmeðferð við samningaviðræður, sem um getur í II. kafla laganna, eða við þær aðstæður sem tilgreindar eru í 13. gr. í samræmi við III. kafla.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laganna gilda um Evrópufélög og fyrirtæki sem hyggjast taka þátt í stofnun Evrópufélags á grundvelli laga um Evrópufélög og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 og hafa staðfestu á Íslandi.

Stjórnendur Evrópufélags og dótturfélaga þess eða stjórnendur þáttökufélaga, þegar við á, og fulltrúar starfsmanna eða starfsmennirnir sjálfir, eftir því sem við á, skulu uppfylla þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í lögnum, óháð því hvort Evrópufélagið er með staðfestu hér á landi.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Evrópufélag*: Félag sem er stofnað í samræmi við ákvæði laga um Evrópufélög og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001.
- Þáttökufélag*: Félag sem á beinan þátt í að stofna Evrópufélag.

- c. *Dótturfélag*: fyrirtæki sem félag hefur ráðandi aðstöðu gagnvart samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999.
- d. *Hlutaðeigandi dótturfélag eða starfsstöð*: Dótturfélag eða starfsstöð þáttökufélags sem fyrirhugað er að verði dótturfélag eða starfsstöð Evrópufélagsins við myndun þess.
- e. *Fulltrúar starfsmanna*: Trúnaðarmenn stéttarfélaga samkvæmt lögum og aðrir fulltrúar sem starfsmenn þáttökufélags tilnefna samkvæmt lögum þessum eða samkomulagi á vinnustað.
- f. *Fulltrúanefnd*: Nefnd starfsmanna sem er sett á fót samkvæmt samkomulagi, sem um getur í 11. gr., eða í samræmi við ákvæði III. kafla, með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn Evrópufélags, dótturfélaga og starfsstöðva þess og, þar sem við á, beita þáttökurétti starfsmanna hvað Evrópufélagið varðar.
- g. *Sérstök samninganefnd*: Nefnd sem sett er á fót í samræmi við 5. gr. til að semja við þar til bæra stofnun þáttökufélaganna um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu.
- h. *Aðild starfsmanna*: Hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu.
- i. *Upplýsingar*: Upplýsingar sem þar til bær stofnun Evrópufélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um málefni er varða félagið sjálft og dótturfélög eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða eru utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki. Upplýsingar skal veita á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og, þar sem við á, undirbúa samráð við þar til bæra stofnun Evrópufélagsins nema annað leiði af ákvæðum þessara laga.
- j. *Samráð*: Viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi Evrópufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og sem kann að verða tekið tillit til við ákvarðanatöku í félaginu.
- k. *Þátttaka*: Áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni félagsins annaðhvort með:
 1. rétti til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í stjórn félagsins eða eftirlitsstjórn, eða
 2. rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhverra eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn félagsins.

II. KAFLI

Myndun sérstakrar samninganefndar og málsmeðferð við viðræður um mótun reglna um þáttöku starfsmanna.

4. gr.

Upphaf samningaviðræðna og upplýsingagjöf.

Þegar framkvæmdastjórnir eða stjórnir þáttökufélaga gera áætlun um stofnun Evrópufélags skulu þær gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu, eins fljótt og unnt er eftir að birt hefur verið áætlun um samruna eða myndun eignarhaldsfélags eða eftir að áætlun um að mynda dótturfélag eða umbreyta skráðu félagi í Evrópufélag hefur verið samþykkt.

Framkvæmdastjórnir eða stjórnir þáttökufélaga skulu láta fulltrúum starfsmanna þeirra fyrirtækja, sem stofnun Evrópufélags snertir, í té upplýsingar um heiti þáttökufélaganna,

viðkomandi dótturfélaga eða starfsstöðva, félagsform, fjölda starfsmanna hvers félags og fyrirkomulag á þátttöku starfsmanna, svo fljótt sem unnt er eftir að áætlun um stofnun Evrópufélags liggur fyrir og hafa frumkvæði að skipun sérstakrar samninganefndar, sbr. 5. gr.

5. gr.

Myndun sérstakrar samninganefndar.

Áður en viðræður geta hafist samkvæmt þessum kafla skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn þátttökufélaga og hlutaðeigandi dótturfélaga eða starfsstöðva, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þegar fulltrúar í þessa sérstöku samninganefnd eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja að:

- a. fulltrúarnir séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir hverjum byrjuðum tug af hundraði starfsmanna sem ráðnir eru af þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfélögum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt,
- b. þegar Evrópufélag er myndað við samruna sé bætt við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggt sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert þátttökufélag sem er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögaðili eftir skráningu Evrópufélagsins, að svo miklu leyti sem:
 1. þessir viðbótfulltrúar verða ekki fleiri en sem nemur tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru kjörnir skv. a-lið; og
 2. skipan þeirra hefur ekki í för með sér að starfsmenn viðkomandi þátttökufélags öðlist fleiri fulltrúa en þeir eiga rétt á skv. a-lið.

Ef þátttökufélögin sem b-liður 2. mgr. á við um eru fleiri en tiltæk viðbótarsæti skal viðbótarsætum úthlutað á þátttökufélög í mismunandi aðildarríkjunum í fallandi röð eftir fjölda starfsmanna í þeim.

Ef svo umfangsmiklar breytingar verða á hinu fyrirhugaða Evrópufélagi að þær hafi áhrif á landfræðilega skiptingu fulltrúa í sérstöku samninganefndinni skal nefndin meta hvort nauðsynlegt sé að endurúthluta sætum samkvæmt þessari grein. Ef þörf er á endurúthlutun skal hún fara fram svo skjótt sem unnt er og á þann hátt að sem minnstar tafir verði á framhaldi viðræðna.

6. gr.

Fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í sérstöku samninganefndinni skulu kosnir af trúnaðarmönnum stéttarféлага. Starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann skulu velja sér sam-eiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í kjöri fulltrúa skv. 1. mgr. skulu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til setu í sérstöku samninganefndinni. Vægi atkvæða hvers trúnaðarmanns eða fulltrúa ræðst af fjölda starfsmanna að baki honum.

Hafi engir trúnaðarmenn verið skipaðir eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Ef kjósa á fleiri en einn fulltrúa frá Íslandi í samninganefndina skal tryggja eins og unnt er að starfsmenn sem flestra þátttökufélaga eigi þar fulltrúa.

Í þeim tilvikum sem úthlutað er aukasæti í samninganefndinni, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr., fer um val þeirra fulltrúa samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ef starfsmenn þáttökufélags á Íslandi missa rétt til fulltrúa, svo sem vegna þess að félagið tekur ekki lengur þátt í myndun Evrópufélags, skal því sæti úthlutað að nýju samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Hlutverk sérstöku samninganefndarinnar.

Sérstaka samninganefndin og þar til bærar stofnanir þáttökufélaganna skulu ákveða, með skriflegu samkomulagi, tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélagi.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir þáttökufélaganna greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun Evrópufélags og sjálfu stofnunarferlinu fram að skráningu. Nefndinni er heimilt að ákveða að greina fulltrúum utanaðkomandi samtaka sem hagsmuna eiga að gæta, þ.m.t. stéttarfélag, frá byrjun samningaviðræðna.

Sérstaka samninganefndin getur valið sérfræðinga sér til aðstoðar, til dæmis fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarféлага á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni nefndarinnar.

Þáttökufélög skulu bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum og rekstri sérstöku samninganefndarinnar, þ.m.t. kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings, þannig að nefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

8. gr.

Ákvarðanataka innan sérstöku samninganefndarinnar.

Í öðrum tilvikum en um getur í 2. mgr. tekur sérstaka samninganefndin ákvarðanir með hreinum meiri hluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Hver fulltrúi greiðir eitt atkvæði.

Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þáttökuréttur minnki þarf samkomulagið í eftirtöldum tilvikum að hljóta atkvæði frá $\frac{2}{3}$ hlutum fulltrúanna sem jafnframt eru fulltrúar að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum:

1. þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að stofna við samruna, og a.m.k. fjórðungur starfsmanna þáttökufélaganna á þáttökurétt, eða
2. þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að setja á fót með því að stofna eignarhaldsfélag eða mynda dótturfélag, og a.m.k. helmingur starfsmanna þáttökufélaganna á þáttökurétt.

Það að þáttökuréttur minnkar merkir að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnarstofnana Evrópufélagsins, í skilningi k-liðar 3. gr., verða minni en hæsta hlutfallið sem var í gildi í þáttökufélögunum.

9. gr.

Lengd samningaviðræðna.

Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin er stofnuð og þeim má halda áfram í sex mánuði frá fyrsta samningafundi. Miða skal upphaf frests til að ljúka samningaviðræðum samkvæmt þessari grein við tvo mánuði frá því að fullnægjandi upplýsingar skv. 2. mgr. 4. gr. bárust fulltrúum starfsmanna, hafi fyrsti fundur ekki verið haldinn fyrir þann tíma.

Aðilar geta komið sér saman um að framlengja samningaviðræðurnar fram yfir þann tíma sem um getur í 1. mgr. í allt að eitt ár samanlagt.

10. gr.

Slit viðræðna.

Sérstaka samninganefndin getur ákveðið, með þeim meiri hluta sem tilgreindur er í 3. mgr., að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar, og að bera fyrir sig þær reglur um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá, sem í gildi eru í aðildarríkjum þar sem Evrópufélag er með starfsmenn.

Ákvörðun skv. 1. mgr. bindur enda á gerð samkomulags skv. 11. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði III. kafla ekki um aðild starfsmanna Evrópufélags, nema að því leyti sem sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir skv. 13. gr., en um upplýsingar og samráð gilda þá lög og venjur í hverju aðildarríki þar sem Evrópufélagið hefur starfsemi.

Ákvörðun um að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á þær þarf að hljóta atkvæði frá $\frac{2}{3}$ hlutum fulltrúa í sérstöku samninganefndinni, sem jafnframt eru fulltrúar a.m.k. $\frac{2}{3}$ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum.

Kalla má sérstöku samninganefndina saman að nýju með skriflegri beiðni frá að minnsta kosti 10% starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva, eða fulltrúum þeirra, í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ákvörðun skv. 1. mgr. hefur verið tilkynnt þar til bærum stofnunum þáttökufélaganna, og gilda þá ákvæði þessa kafla að breyttu breytanda. Heimilt er þó að hefja samningaviðræður fyrr ef aðilar verða um það sáttir.

Ef sérstaka samninganefndin ákveður að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórn á ný, en ekkert samkomulag næst í þeim samningaviðræðum gilda engin ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna Evrópufélagsins.

Þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu gildir þessi grein ekki ef þáttökuréttur er fyrir hendi í félaginu sem á að breyta.

11. gr.

Efni samkomulags.

Samningaviðræður þar til bærra stofnana þáttökufélaganna og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná skriflegu samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan Evrópufélags. Í samkomulaginu skal að lágmarki tilgreina eftirfarandi atriði:

- a. gildissvið samkomulagsins,
- b. skipan, fjölda fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefnd sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins í tengslum við tilhögun á miðlun upplýsinga til starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og samráð við þá,
- c. hlutverk og málsmeðferð um miðlun upplýsinga til fulltrúanefndarinnar og samráðs við hana,
- d. hve oft fulltrúanefndin skal koma saman,
- e. hvert fjármagn og aðbúnaður fulltrúanefndarinnar skal vera,
- f. með hvaða hætti fyrirkomulagi skal komið á ef aðilarnir ná samkomulagi um að koma á einni málsmeðferð, eða fleiri en einni, við upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa fulltrúanefnd,
- g. ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þáttöku, inntak

þeirrar tilhögunar, þ.m.t. fjölda fulltrúa í stjórn eða, ef við á, eftirlitsstjórn Evrópufélagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra,

- h. dagsetninguna þegar samkomulagið öðlast gildi og gildistíma þess, í hvaða tilvikum það skal endurskoðað og málsmeðferð við endurskoðun þess.

Ákvæði III. kafla gilda ekki ef aðilar ná samkomulagi samkvæmt þessari grein nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu.

Ef í hlut á Evrópufélag, sem verður til við umbreytingu, skal samkomulagið kveða á um að allir þættir sem varða aðild starfsmanna séu að lágmarki á sama stigi og þeir sem eru fyrir hendi í félaginu sem á að breyta.

12. gr.

Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður.

Löggjöfin sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður skal vera löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa Evrópufélagsins verður staðsett nema annað leiði af ákvæðum þessara laga eða eðli máls.

III. KAFLI

Ákvæði til vara.

13. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um Evrópufélög sem skráð eru hér á landi frá skráningardegi ef annaðhvort:

- a. aðilarnir koma sér saman um það, eða
- b. ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 9. gr., er runnin út og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 1. þar til bær stofnun hvers þáttökufélags hefur tekið ákvörðun um að samþykka beitingu almennu reglnanna í tengslum við Evrópufélagið og halda þar með áfram skráningu Evrópufélagsins, og
 2. sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðun sem kveðið er á um í 10. gr.

Enn fremur skulu ákvæði 16. gr. eingöngu gilda í eftirtöldum tilvikum og að uppfylltum tilgreindum skilyrðum:

- a. þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu, ef reglur um þáttökurétt starfsmanna eru til staðar í því félagi sem á að breyta,
- b. þegar Evrópufélag verður til við samruna,
 1. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þáttökufélaganna eða fleiri og tók til a.m.k. fjórðungs af heildarfjölda starfsmanna allra þáttökufélaganna, eða
 2. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þáttökufélaganna eða fleiri og tók til minna en fjórðungs af heildarfjölda starfsmanna allra þáttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það,
- c. þegar Evrópufélag verður til við stofnun eignarhaldsfélags eða dótturfélags:
 1. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þáttökufélaganna eða fleiri og tók til a.m.k. helmingis af heildarfjölda starfsmanna allra þáttökufélaganna, eða

2. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þáttökufélaganna eða fleiri og tók til minna en helmings af heildarfjölda starfsmanna allra þáttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það.

Við beitingu heimilda skv. 2. mgr. skal sérstaka samninganefndin ákveða, með sama meiri hluta og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., hvaða form á þáttöku starfsmanna skuli gilda í Evrópufélagi. Nefndin skal greina þar til bærum stofnunum þáttökufélaganna frá þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

14. gr.

Skipan fulltrúanefndar starfsmanna.

Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 13. gr. skal fulltrúanefnd starfsmanna skipuð í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a. Fulltrúanefndin skal skipuð starfsmönnum Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva sem trúnaðarmenn stéttarféлага og sameiginlegur fulltrúi þeirra starfsmanna sem ekki eiga trúnaðarmann eða allir starfsmenn, ef trúnaðarmenn eru ekki til staðar, kjósa úr sínum hópi.
- b. Kosning íslenskra fulltrúa í nefndina skal, eftir því sem við á, fara fram í samræmi við ákvæði 6. gr.
- c. Ef verulegar breytingar verða á Evrópufélagi skal fulltrúaráðið, í samráði við þar til bærar stofnanir Evrópufélagsins, endurskoða skiptingu sæta í fulltrúaráðinu. Þetta á einkum við ef miklar breytingar verða á starfsmannafjölda, eignarhaldi eða starfsemi Evrópufélagsins, svo og ef félagið flytur staðfestu sína milli ríkja.
- d. Ef stærð nefndarinnar gefur tilefni til skal fulltrúanefndin kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð sem annast venjubundin samskipti við þar til bærar stofnanir Evrópufélags, á grundvelli starfsreglna sem fulltrúanefndin setur sér.
- e. Fulltrúar í fulltrúanefndina eru kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem starfa hjá þáttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern starfsmann í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna, eða broti af því, sem ráðnir eru af þáttökufélagunum, hlutaðeigandi dótturfélögum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt.
- f. Tilkynna skal þar til bærrí stofnun Evrópufélags um skipan fulltrúanefndarinnar.
- g. Fulltrúanefndin eða framkvæmdaráðið getur leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali.
- h. Fulltrúanefndarmenn skulu eiga rétt á leyfi til þjálfunar án þess að missa við það laun að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna starfa þeirra.
- i. Evrópufélag greiðir kostnað fulltrúanefndarinnar og sér fulltrúum í henni fyrir því fjármagni og aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum. Einkum skal Evrópufélag greiða kostnað vegna skipulagningar funda og aðstöðu vegna túlkapjónustu og gisti- og ferðakostnað fulltrúa- og framkvæmdanefndarmanna, nema um annað hafi verið samið.

Fjórum árum eftir að fulltrúanefndin hefur verið stofnuð skal hún kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulags, sbr. 11. gr., eða beita áfram almennum reglum samkvæmt þessum kafla.

Ákvæði 7.–11. gr. skulu gilda, eftir því sem við á, hafi ákvörðun verið tekin um að hefja viðræður um samkomulag skv. 2. mgr. Ef frestur til að ljúka samningaviðræðunum rennur

út án þess að samkomulag náist skal sú tilhögun sem fyrst tók gildi, í samræmi við ákvæði þessa kafla, gilda áfram í Evrópufélagi.

15. gr.

Almennar reglur um upplýsingamiðlun og samráð.

Hlutverk fulltrúanefndar skal takmarkast við málefni er varða Evrópufélagið sjálft og dótturfélög þess eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða ná út fyrir ákvörðunarvald stjórnarstofnana Evrópufélagsins í einstöku aðildarríki.

Á fundum fulltrúanefndarinnar og þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun í rekstri, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum flutningur starfsemi, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal upplýsa fulltrúanefndina um málið. Fulltrúanefndin, eða framkvæmdaráðið ef brýnt er, á rétt á að hitta að eigin ósk þar til bæra stofnun innan Evrópufélagsins eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við, til að fá upplýsingar og hafa samráð um ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Auk funda, sem haldnir eru skv. 3. mgr., hefur fulltrúanefndin rétt á að hitta fulltrúa þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins, að minnsta kosti einu sinni á ári, til upplýsinga og samráðs á grundvelli reglulegra skýrslna sem stofnunin tekur saman um rekstur Evrópufélagsins og rekstrarhorfur. Stjórnendum á viðkomandi stöðum skal jafnframt veita upplýsingar.

Skýlt er að láta fulltrúanefndinni í té dagskrá stjórnarfundna eða, þar sem við á, funda stjórnar og eftirlitsstjórnar Evrópufélagsins, ásamt afritum af öllum skjölum sem lögð eru fram á aðalfundi félagsins.

Ef þar til bær stofnun Evrópufélags ákveður að aðhafast ekki í samræmi við álit það sem fulltrúanefndin hefur látið í ljós, hefur nefndin rétt á að hitta aftur fulltrúa Evrópufélagsins með það í huga að leita eftir samkomulagi.

Þeir aðilar í fulltrúanefndinni sem eru fulltrúar starfsmanna sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, skulu eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru milli framkvæmdaráðsins og Evrópufélagsins skv. 3. mgr.

Áður en fundur er haldinn með þar til bærra stofnun Evrópufélags á fulltrúanefndin eða framkvæmdanefndin, sem er stækkuð, ef nauðsyn krefur í samræmi við 7. mgr., rétt á að funda án þess að fulltrúar Evrópufélagsins séu viðstaddir.

Með fyrirvara um þagnarskyldu skv. 19. gr., skulu fulltrúanefndarmenn veita fulltrúum starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva vitneskju um efni og niðurstöður upplýsingamiðlunarinnar og samráðsins.

Álit fulltrúanefndarinnar samkvæmt þessari grein bindur ekki hendur þar til bærra stofnana Evrópufélagsins.

16. gr.

Almennar reglur um þátttöku.

Um þátttöku starfsmanna í Evrópufélagi gilda eftirfarandi reglur:

- a. Þegar Evrópufélag verður til við umbreytingu og reglur aðildarríkis sem varða þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn giltu fyrir skráninguna skulu allar reglur um þátt-

töku starfsmanna gilda áfram fyrir Evrópufélagið. Að breyttu breytanda skulu ákvæði þessarar greinar gilda í því skyni.

- b. Í öðrum tilvikum en skv. a-lið eiga starfsmenn Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefnd starfsmanna rétt á að kjósa, tilnefna og mæla með eða gegn tilnefningu tiltekins fjölda fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn Evrópufélagsins, til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þáttökufélögum áður en Evrópufélagið er skráð.

Ef ekkert þáttökufélaganna starfar samkvæmt þáttökureglum fyrir skráningu Evrópufélagsins er þess ekki krafist að Evrópufélagið setji reglur um þáttöku starfsmanna.

Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna í samræmi við hlutfall starfsmanna í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef hlutfallsviðmiðun leiðir til þess að starfsmenn í einhverjum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og skulu starfsmenn í aðildarríki þar sem skrifstofa Evrópufélagsins er skráð njóta forgangs við þá jöfnun hafi þeir ekki þegar fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu.

Fulltrúanefndin setur reglur um á hvern hátt fulltrúar starfsmanna geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins, ef við á.

Ef starfsmenn á Íslandi öðlast rétt til að tilnefna eða kjósa fulltrúa samkvæmt þessari grein skal ákvæði 6. gr. gilda um það val. Um kjör eða tilnefningu annarra fulltrúa gildir löggjöf viðkomandi aðildarríkis en ef þar er ekki mælt fyrir um hvernig tilnefning fer fram skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa starfsmanna þess aðildarríkis.

Hver fulltrúi í stjórn eða, þar sem það á við, eftirlitsstjórn Evrópufélagsins sem fulltrúanefndin eða, eftir atvikum, starfsmenn, hefur kosið, tilnefnt eða mælt með samkvæmt þessari grein, skal vera fullgildur stjórnarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar hluthafa, þ.m.t. rétt til að greiða atkvæði.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

17. gr.

Samskipti Evrópufélags við fulltrúa starfsmanna.

Þar til bær stofnun Evrópufélags og fulltrúanefnd starfsmanna skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skyldna.

Hið sama gildir um samvinnu stjórnar eða, þar sem við á, eftirlitsstjórnar Evrópufélagsins og fulltrúa starfsmanna sem starfa í tengslum við málsmeðferð um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn.

18. gr.

Vernd fulltrúa starfsmanna.

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni, fulltrúar í fulltrúanefndinni og fulltrúar starfsmanna í stjórn stofnana Evrópufélagsins skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna starfa sinna. Þeim skal einnig tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum. Þetta á einkum við um fundasetu í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni, aðra fundi er falla undir samkomulagið sem um getur í f-lið 1. mgr. 11. gr., og fundi stofnana Evrópufélagsins, meðal annars varðandi

greiðslu launa til fulltrúa sem starfa hjá þátttökufélagi, Evrópufélaginu eða dótturfélögum þess eða starfsstöðvum, fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi.

Fulltrúar starfsmanna sem starfa samkvæmt málsmæðferð um upplýsingamiðlun og samráð skulu njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, eftir því sem við á.

19. gr.

Þagnarskylda.

Fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir einstaklingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að umboð þeirra skv. 1. og 2. mgr. er á enda.

20. gr.

Upplýsingar sem ekki er skylt að veita.

Eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélags eða þátttökufélags sem stofnað er á Íslandi er ekki skuldbundin til að veita upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

21. gr.

Misnotkun reglna.

Ef verulegar breytingar verða á Evrópufélagi, dótturfélögum eða útibúum skömmu eftir stofnun þess, sem gefa skýra vísbendingu um að tilgangur með stofnun Evrópufélagsins hafi verið sá að svipta starfsmenn þátttökurétti eða hindra að þeir öðluðust slíkan rétt, er skylt að hefja nýjar samningaviðræður skv. II. kafla.

Með verulegum breytingum er átt við að breyting verði á samsetningu Evrópufélags, dótturfélaga þess eða starfsstöðva, fjölda starfsmanna eða staðfestu félagsins, sem hefði leitt til þess, ef hún hefði átt sér stað áður en Evrópufélagið var stofnað, að þátttökuréttur starfsmanna hefði aukist. Verði slík breyting innan árs frá skráningu Evrópufélags ber félagið sönnunarbyrði fyrir því að breytingarnar séu til komnar af öðrum ástæðum en greinir í 1. mgr.

Um viðræður samkvæmt þessari grein gilda eftirfarandi reglur:

- a. Þær skulu hefjast að kröfu fulltrúanefndar starfsmanna eða fulltrúa starfsmanna í nýjum dótturfélögum eða útibúum Evrópufélagsins.
- b. Ákvæði II. kafla eiga við um viðræðurnar og undirbúning þeirra, að breyttu breytanda.

22. gr.

Viðurlög.

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskylduákvæði 19. gr. láta af hendi trúnaðarupplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fêsekta nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Brot sem framin eru í starfsemi lögaðila gegn 4., 15, 18. og 21. gr. laga þessara varða lög- aðila sektum, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, ef brotið er framið af ásetningi og það

er til þess fallið að svipta starfsmenn Evrópufélags rétti sem varinn er samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Ágreiningur.

Unnt er að skjóta til dómstóla ágreiningi sem varðar framkvæmd þessara laga, þ.m.t. ágreiningi um rétt fulltrúa starfsmanna til að fá í hendur upplýsingar og rétt þátttökufélaga eða Evrópufélags til að binda upplýsingar trúnaði. Rétt til málshöfðunar hafa allir sem taldir eru upp í 18. gr., hlutaðeigandi stéttarfélög og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta.

24. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Þegar Evrópufélag er fyrirtæki sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu, eða er ráðandi fyrirtæki fyrirtækjahóps, er þar starfar, í skilningi 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, skulu ákvæði þeirra laga ekki gilda um Evrópufélagið eða dótturfélög þess nema sérstaka samninganefndin ákveði, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. þessara laga, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

Reglur um þátttöku starfsmanna sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju, og ekki varða framkvæmd þessara laga, gilda ekki um Evrópufélög.

Lög þessi skulu ekki hafa áhrif á:

- a. rétt starfsmanna til aðildar, sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju í aðildarríkjunum og starfsmenn Evrópufélagsins og dótturfélaga þess og starfsstöðva njóta, nema rétt til þátttöku í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins, og
- b. reglur um þátttöku sem mælt er fyrir um í lögum og/eða leiðir af venju og gilda um dótturfélög Evrópufélagsins.

26. gr.

Gildistaka.

Lög þessi, sem eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, sem vísað er til í lið 32e XVIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 89/2002, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Lagafrumvarp þetta, sem samið er í félagsmálaráðuneytinu, tengist frumvarpi viðskiptaráðherra um Evrópufélög. Með ályktun 13. desember 2002 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 89/2002, frá 25. júní 2002, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnu-

stöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Við gerð frumvarpsins hefur í öllum meginatriðum verið leitast við að fylgja ákvæðum tilskipunar nr. 2001/86/EB. Vegna eðlis tilskipunarinnar hefur verið lögð rík áhersla á það af hálfu framkvæmdastjórnar ESB að innleiðing hennar sé samræmd í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og að tilskipunin hafi alls staðar verið innleidd áður en hún tekur gildi 8. október 2004. Hefur fulltrúi félagsmálaráðuneytisins meðal annars sótt fjölmarga fundi sérfræðinganefnar ESB um innleiðingu tilskipunarinnar. Ráðuneytið hefur jafnframt haldið fundi með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands og Bandalags háskólanna þar sem efni tilskipunarinnar hefur verið kynnt og umræður farið fram um innleiðingu hennar í íslenskan rétt.

Í stað þess að velja frumvarpinu sama heiti og tilskipuninni er farin sú leið að gefa því heiti sem fellur betur að efni þess og inntaki.

II. Efni tilskipunar um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Hinn 8. október 2001 samþykkti Evrópusambandið reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE). Jafnhliða var samþykkt tilskipun nr. 2001/86/EB um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Í stuttu máli má segja að höfuðmarkmið löggjafar um Evrópufélög sé að auðvelda félögum í mismunandi aðildarríkjum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið að sameinast eða stofna eignarhaldsfélög og til þess að gera félögum og öðrum lögaðilum, sem stunda atvinnustarfsemi og starfa á grundvelli laga mismunandi aðildarríkja, kleift að mynda sameiginleg dótturfélög. Á sama hátt á hlutafélag með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu innan Evrópska efnahagssvæðisins að geta breyst í Evrópufélag án þess að koma þurfi til skiptameðferðar, svo fremi félagið eigi dótturfélag í öðru aðildarríki en því þar sem skráð skrifstofa þess er. Nánari grein er gerð fyrir forsögu og efni reglugerðarinnar í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um Evrópufélög sem viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi.

Tilskipun nr. 2001/86/EB er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá. Um önnur málefni sem varða félagsmála- og vinnulöggjöf, einkum um rétt starfsmanna, samkvæmt reglum aðildarríkjanna, til upplýsinga og samráðs, fer að viðeigandi innlendum ákvæðum sem gilda með sömu skilyrðum um hlutafélög. Miða ákvæði tilskipunarinnar að því að viðhalda reglum um aðild starfsmanna í þáttökufélagunum við stofnun Evrópufélags.

Vegna margbreytilegra reglna og venja í aðildarríkjunum, með tilliti til þess hvernig fulltrúar launamanna taka þátt í ákvarðanatöku í fyrirtækjum, er ekki mælt fyrir í tilskipuninni um aðeins eina evrópska fyrirmynd að þátttöku launamanna fyrir öll Evrópufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að tryggja fasta málsmeðferð á fjölþjóðlegum grundvelli við upplýsingamiðlun og samráð í öllum tilvikum þegar Evrópufélag er stofnað. Ef þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem stofna Evrópufélag, þ.e. réttur fulltrúa starfsmanna til að hafa bein áhrif á val fulltrúa í framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins, skal hann fylgja með í flutningnum yfir í Evrópufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar fyrirtækjanna sem standa að stofnun Evrópufélagsins geri samkomulag um annað. Ef vilji er til þess innan samninganefnarinnar að semja um minni þátttökurétt starfsmanna Evrópufélagsins hefur tilskipunin einnig að geyma reglur um í hvaða tilvikum heimilt er að ákveða slíkt fyrirkomulag.

Ef ekki næst samkomulag um fyrirkomulag aðildar starfsmanna í viðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þáttökufélaganna skal kveða á um almennar reglur í samræmi við viðauka með tilskipuninni sem gilda um Evrópufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli, sem og rétt starfsmanna til þátttöku í viðkomandi stofnunum Evrópufélagsins ef slíkur réttur var til staðar fyrir stofnun þess.

Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með tilskipuninni að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir“). Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnábyrgingarmáli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 8. október 2004 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín á milli. Rétt er að hafa í huga að ekki verður heimilt að skrá Evrópufélag nema fyrir liggja að félög sem taka þátt í stofnun þess hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt tilskipuninni. Skilyrði þess að það ferli sem fjallað er um í II. hluta tilskipunarinnar geti hafist er að öll aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sem málið varðar hafi áður innleitt ákvæði tilskipunarinnar í landsrétt sinn.

III. Efni frumvarpsins.

Evrópufélög eru nýtt félagsform og kallar innleiðing tilskipunar nr. 2001/86/EB og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 á lagabreytingar hér á landi. Erfitt er að segja fyrir um þýðingu þessa nýja félagsforms fyrir íslensk fyrirtæki eða vinnumarkaðinn hérlendis. Þótt fyrir fram megi ætla að það verði einkum stórfyrirtæki sem hugsanlega nýti sér þennan möguleika er rétt að hafa í huga að ekki er gert að skilyrði að þáttökufélög hafi tiltekinn fjölda starfsmanna eða ákveðna veltu til að geta stofnað Evrópufélag. Í reglugerðinni er þó gert að skilyrði fyrir stofnun Evrópufélags að hlutfé verði að lágmarki 120.000 evrur.

Eins og áður segir hefur ákvæðum tilskipunar nr. 2001/86/EB verið fylgt í öllum meginatriðum við gerð frumvarpsins. Frumvarpið hefur það markmið að innleiða reglur til að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga, sem kunna að eiga eftir að starfa hér á landi, til aðildar að ákvörðunum sem varða starfsemi félagsins sem þeir vinna hjá og að viðhalda reglum um aðild starfsmanna sem í gildi eru í þeim félögum sem taka þátt í stofnun Evrópufélags.

Þar sem bein þátttaka starfsmanna í stjórn fyrirtækja tíðkast almennt ekki á íslenskum vinnumarkaði eru ekki líkur til þess að tilskipunin leiði til þess að réttindi launamanna minnki með tilkomu Evrópufélaga. Þvert á móti er líklegra að í einhverjum tilvikum geti stofnun Evrópufélags leitt til þess að íslenskir starfsmenn félagsins öðlist meiri rétt en áður á grundvelli reglna tilskipunarinnar, þ.e. í þeim tilvikum þegar starfsmenn erlendra félaga sem taka þátt í stofnun félagsins eiga, á grundvelli laga í því aðildarríki eða samþykktu viðkomandi félags, rétt til aðildar að ákvarðanatöku í félaginu.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þegar ákveðið hefur verið að stofna Evrópufélag skuli framkvæmdastjórnir eða stjórnir þeirra félaga sem þátt taka í stofnun þess gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu.

Sérstök samninganefnd er í forsvari fyrir starfsmenn þáttökufélaga við þær viðræður. Við

myndun nefndarinnar skal meðal annars tryggja að nefndarmenn séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þátttökufélögum, hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í slíkri samninganefnd séu kosnir af trúnaðarmönnum innan fyrirtækis, en að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem taki þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina. Séu engir trúnaðarmenn innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn fyrirtækis eða starfsstöðvar rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem ætlað er að tryggja rétt fulltrúa starfsmanna í samninganefndinni til að fá upplýsingar um þau fyrirtæki sem standa að stofnun Evrópufélags og áform þeirra er varða starfsemi félagsins. Einnig er kveðið á um rétt sérstöku samninganefndarinnar til að kalla eftir sérfræðiaðstoð og bera þau félög sem taka þátt í stofnun Evrópufélags allan kostnað af starfi nefndarinnar.

Markmið samningaviðræðna er að ná samkomulagi um aðild starfsmanna að Evrópufélagi, þ.e. varðandi rétt fulltrúa starfsmanna til upplýsinga, samráðs og þátttöku. Í samkomulagi skal meðal annars kveðið á um skipan fulltrúanefndar, sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins í tengslum við tilhögun á miðlun upplýsinga til starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og í tengslum við samráð við þá, eða aðra málsmeðferð sem aðilarnir verða ásáttir um, í stað þess að skipa slíka fulltrúanefnd.

Ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, skal í samkomulagi þeirra einnig kveðið á um inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. (ef við á) fjölda fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra, o.s.frv.

Samningaviðræður geta að hámarki staðið yfir í eitt ár. Aðilar geta ákveðið að slíta viðræðum og gilda þá ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna, eftir því sem við á. Sama máli gegnir ef ekki næst samkomulag innan þess frests sem veittur er til viðræðna.

Meginreglan er sú að einfaldur meiri hluti atkvæða ræður afstöðu sérstöku samninganefndarinnar, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur skuli minnka, þ.e. að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnar eða framkvæmdastjórnar Evrópufélagsins verði minni en fyrir stofnun þess, þarf samkomulagið hins vegar að hljóta atkvæði frá $\frac{2}{3}$ hlutum fulltrúanna.

IV. Tengsl frumvarpsins við landsrétt.

Ákvæði frumvarpsins gilda eingöngu um Evrópufélög og hefur það engin áhrif á rétt starfsmanna annarra fyrirtækja til upplýsinga og samráðs. Í þeim tilvikum þegar starfandi félag umbreytist eða verður hluti af Evrópufélagi er meginreglan hins vegar sú að þær sérreglur sem kveðið er á um í frumvarpinu, eða byggjast á samkomulagi aðila skv. 11. gr., ganga framár ákvæðum almennra laga, að því leyti sem annað er ekki tekið fram. Þetta þýðir meðal annars að þar sem nú eru starfandi evrópsk samstarfsráð innan fyrirtækis, sbr. lög nr. 61/1999, gilda ákvæði þeirra laga almennt ekki um Evrópufélag eða dótturfélög þess. Sama máli gegnir um reglur einstakra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins um þátttöku starfsmanna.

Rétt er hins vegar að taka fram að það er eitt af yfirlýstum meginmarkmiðum frumvarpsins að viðhalda þátttökurétti starfsmanna í þeim tilvikum þegar hann var fyrir hendi fyrir stofnun félagsins, þótt í undantekningartilvikum sé heimilt að semja um brottfall hans.

Ákvæðin leiða því fyrst og fremst til þess að þátttökurétturinn byggist eftirleiðis á samkomulagi sem fulltrúar starfsmanna og Evrópufélagsins eða stofnenda þess gera með sér eða, í þeim tilvikum þegar samningaviðræður leiða ekki til þess að gert sé samkomulag, á ákvæðum III. kafla.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið eiga ákvæðin ekki að skerða rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs samkvæmt gildandi reglum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði um markmið og gildissvið frumvarpsins og skilgreiningar á hugtökum.

Um 1. gr.

Í greininni er lýst því markmiði frumvarpsins að vernda og viðhalda rétti starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum. Í þeim efnum gildir sú meginregla að sá réttur sem var fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem taka þátt í stofnun Evrópufélags skuli gilda áfram eftir stofnun slíks félags nema um annað sé samið á grundvelli reglna tilskipunar nr. 2001/86/EB.

Um 2. gr.

Í greininni er vísað til ákvæða reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 og laga um Evrópufélög, samanber frumvarp sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi til innleiðingar á ákvæðum reglugerðarinnar í íslenskan rétt. Er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því að löggin gildi um öll Evrópufélög sem hafa starfsemi hér á landi og um félög sem hafa starfsemi hér á landi og hyggjast taka þátt í stofnun Evrópufélags.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um ábyrgð á framkvæmd laganna. Hafa ber í huga að þótt ábyrgðin hvíli að miklu leyti sameiginlega á stjórnendum Evrópufélagsins eða þátttökufélaga og fulltrúum starfsmanna, geta einstök ákvæði laganna kveðið á um frumkvæðisskyldu tiltekins aðila. Má í því sambandi nefna 2. mgr. 4. gr. um skyldu þátttökufélaga til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar.

Um 3. gr.

Greinin hefur að geyma skilgreiningar á helstu hugtökum sem fram koma í frumvarpinu og þarfnast fæst þeirra sérstakra skýringa en ástæða þykir þó til að fara hér nokkrum orðum um fjögur þeirra:

„Þátttökufélag“ er skilgreint á þann veg í b-lið, að það sé félag sem á beinan þátt í að stofna Evrópufélag. Þótt nokkrar leiðir séu mögulegar til að stofna Evrópufélag samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 er ávallt skilyrði til þátttöku að um sé að ræða skráð félag á Evrópska efnahagssvæðinu. Til að þátttaka sé bein þurfa hluthafar þátttökufélags annaðhvort að eignast hlutabréf í Evrópufélaginu við stofnun þess eða þátttökufélagið sjálft að verða hluthafi.

„Dótturfélag“ er í c-lið skilgreint með vísan til 5. gr. laga nr. 61/1999. Sú skilgreining er nokkuð frábrugðin skilgreiningu í 2. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og samsvarandi ákvæði í 2. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Ástæða þess að stuðst er við skilgreiningu fyrstnefndu laganna er sú að í c-lið 2. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB er vísað til samsvarandi ákvæðis í 3. gr. tilskipunar nr. 94/45/EB, sem innleidd var með lögum nr. 61/1999.

Varðandi d-lið, þar sem er að finna skilgreiningu á því hvað sé „hlutaðeigandi dótturfélag eða starfsstöð“, þykir rétt að taka fram að ekki er skilyrði að dótturfélagið eða starfsstöðin sé starfrækt í sama landi og þáttökufélagið sjálft. Þegar upplýsingar eru gefnar skv. 2. mgr. 4. gr. er meðal annars nauðsynlegt að hafa þetta atriði í huga, þar sem fulltrúar starfsmanna eiga rétt á að fá upplýsingar um allar einingar sem fyrirhugað er að tilheyri Evrópufélaginu þegar það hefur verið stofnað.

Í k-lið er að finna skilgreiningu á því hvað átt er við með þátttöku starfsmanna. Við túlkun verður að hafa í huga að á Evrópska efnahagssvæðinu er að vinna margs konar fyrirkomulag á atvinnulýðræði og einnig gilda þar mismunandi reglur og fyrirkomulag um uppbyggingu og stjórn fyrirtækja. Samsvarandi ákvæði í k-lið 2. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB er ætlað að ná yfir öll þessi form og gildir þá einu hvort um er að ræða reglur sem byggjast á lögum, samningum eða venju. Þetta víða gildissvið hefur eðlilega í för með sér að reglur tilskipunarinnar eru mun flóknari en þær væru ef hvert aðildarríki fyrir sig setti eigin reglur sem aðeins giltu um fyrirkomulagið í því landi.

Um II. kafla.

Í öðrum kafla frumvarpsins er að finna meginreglur um málsmeðferð við gerð samkomulags milli fulltrúa starfsmanna og þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun Evrópufélags. Skulu viðræður miða að því að ná samkomulagi um fyrirkomulag á miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn Evrópufélagsins og, þar sem við á, þátttöku starfsmanna.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu fyrirvarsmanna fyrirtækja, sem hyggjast taka þátt í stofnun Evrópufélags, til að gera eins fljótt og unnt er ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna.

Til að viðræður geti hafist þarf að stofna sérstaka samninganefnd fulltrúa starfsmanna í samræmi við ákvæði 5. gr. Í 2. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um skyldu þáttökufélaganna til að láta fulltrúum starfsmanna í té ítarlegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að ákvarða fjölda fulltrúa í umræddri nefnd og skiptingu sæta í henni. Jafnframt skal veita upplýsingar um hvaða reglur gilda um þátttöku starfsmanna í hverju þáttökufélagi, en þær upplýsingar skipta miklu máli, meðal annars fyrir atkvæðagreiðslur í sérstöku samninganefndinni.

Upplýsingar þær sem veittar eru skulu byggðar á nýjustu fáanlegum upplýsingum. Varðandi tölur um starfsmannafjölda skal tekið fram að átt er við heildarfjölda starfsmanna í hverju þáttökufélagi, óháð því hvort þeir eru til dæmis í hlutastarfi eða starfa á grundvelli tímabundins ráðningarsamnings. Til að forða misskilningi skal tekið fram að átt er við fjölda starfsmanna á hverjum tíma. Er því um aðra reglu að ræða en fram kemur í 8. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, þar sem miðað er við meðalfjölda starfsmanna á síðustu tveimur árum.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um stofnun sérstakrar samninganefndar sem í eiga sæti fulltrúar starfsmanna þáttökufélaga og dótturfélaga þeirra eða starfsstöðva sem fyrirhugað er að taki þátt í stofnun Evrópufélags.

Reglur um skipun í nefndina eru fremur flóknar og stafar það einkum af því að unnt er að stofna Evrópufélag á mismunandi hátt, eins og kveðið er á um í 2. gr. reglugerðar ráðsins

(EB) nr. 2157/2001. Að uppfylltum nánari skilyrðum getur Evrópufélag þannig í fyrsta lagi orðið til á grundvelli samruna, í öðru lagi er heimilt að stofna Evrópufélag sem er eignarhaldsfélag, í þriðja lagi geta tvö eða fleiri félög ákveðið að stofna sameiginlegt dótturfélag, sem verður Evrópufélag, og í fjórða lagi er heimilt að umbreyta starfandi hlutafélagi í Evrópufélag.

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni geta hið fæsta orðið tíu en flestir geta þeir orðið þrjátíu. Eftir fyrirhugaða stækkun Evrópska efnahagssvæðisins á árinu 2004 geta þeir þó mögulega orðið enn fleiri, en þó einungis ef Evrópufélag er stofnað með mjög umfangsmiklum samruna fyrirtækja. Ákvæði a-liðar 2. mgr. er ætlað að tryggja að sæti í nefndinni skiptist eftir fjölda þeirra ríkja innan EES þar sem þáttökufyrirtækin hafa starfsmenn í vinnu og felur reglan í sér að hvert ríki sem málið varðar á rétt á a.m.k. einum fulltrúa. Fulltrúafjöldi ræðst að öðru leyti af því hve stór hluti starfsmanna þáttökufélaganna starfar í hverju ríki og eykst fjöldi fulltrúa um einn fyrir hvern byrjaðan tug fulltrúa. Þannig fær til dæmis aðildarríki þar sem fjórðungur starfsmanna allra þáttökufélaganna starfar þrjá fulltrúa í samninganefndina.

Í b-lið 2. mgr. er sérregla sem einungis gildir þegar Evrópufélag er myndað við samruna. Felur hún í sér að bætt er við takmörkuðum fjölda fulltrúa í samninganefndina og eru þeir fulltrúar starfsmanna þáttökufélaga sem ekki verða lengur sjálfstæðir lögaðilar eftir að skráning Evrópufélagsins tekur gildi. Í 3. mgr. er tekið fram að ef fjöldi slíkra þáttökufélaga er meiri en fjöldi þeirra sæta sem unnt er að úthluta á þennan hátt skuli þau sæti sem laus eru til ráðstöfunar ganga til starfsmanna fjölmennustu félaganna í hverju aðildarríki.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að breytingar verði á hinu fyrirhugaða Evrópufélagi eftir að sérstaka samninganefndin hefur verið skipuð. Þetta getur til dæmis gerst þannig að eitt eða fleiri félög hættu við þátttöku í samruna og kann það meðal annars að leiða til þess að vægi atkvæða á bak við hvern fulltrúa í nefndinni breytist. Er í ákvæðinu gert ráð fyrir því að unnt sé að endurúthluta sætum í samninganefndinni ef nefndin telur það nauðsynlegt, en jafnframt er gert ráð fyrir því að sem minnstar tafir verði á samningaviðræðum vegna þessa, enda nauðsynlegt skv. 9. gr. að ljúka viðræðum eigi síðar en einu ári eftir að þær hefjast.

Til að útskýra hvernig þær reglur sem kveðið er á um í greininni virka í framkvæmd má taka eftirfarandi dæmi um stofnun Evrópufélags við samruna:

Ríki	Hlutfall starfsmanna	Fjöldi sæta
Frakkland	21 %	3
Portúgal	20 %	2
Spánn	19 %	2
Þýskaland	11 %	2
Bretland	10 %	1
Belgía	9 %	1
Ísland	5 %	1
Noregur	4 %	1
Svíþjóð	1 %	1
Samtals	100 %	14

Um 6. gr.

Í greininni er mælt fyrir um kjör fulltrúa starfsmanna á Íslandi í sérstöku samninganefndina. Gert er ráð fyrir að trúnaðarmönnum stéttarfélaga verði falið það vald að velja þessa fulltrúa en jafnframt tekið fram að starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjörinu. Skulu þessir aðilar velja fulltrúa úr sínum röðum til setu í sérstöku samninganefndinni en ef engir trúnaðarmenn eru innan fyrirtækis eiga allir starfsmenn þátttökufélags rétt á að taka þátt í kjörinu og eru þeir þá jafnframt kjörgengir.

Sérregla gildir þó skv. 5. mgr. í þeim tilvikum þegar starfsmenn eiga rétt á að velja auka-fulltrúa í sérstöku samninganefndina vegna þess að viðkomandi þátttökufélag hættir að starfa sem sérstakur lögaðili í kjölfar samruna. Eiga þá einungis fulltrúar þess félags rétt á að taka þátt í kosningunni.

Í greininni er að finna ákvæði um að ef fleiri en eitt íslenskt fyrirtæki tekur þátt í stofnun Evrópufélags skuli reynt að dreifa fjölda fulltrúa milli þátttökufélaganna, og að sætum skuli endurúthlutað ef starfsmenn þátttökufélags missa rétt til fulltrúa.

Um 7. gr.

Í greininni er hlutverki sérstöku samninganefndarinnar lýst og kveðið á um skyldu þeirra félaga sem taka þátt í stofnun Evrópufélags til að upplýsa nefndina um áætlanir sínar og gang stofnunarferlisins. Í þessu felst meðal annars skylda til að tilkynna nefndinni um breytingar sem kunna að eiga sér stað, til dæmis ef einhver félög hætta við þátttöku í Evrópufélaginu eða ný félög bætast í hóp þátttakenda, en slíkt getur meðal annars orðið til þess að hafa áhrif á samsetningu nefndarinnar.

Í greininni er einnig mælt fyrir um skyldu þátttökufélaganna til að bera kostnað sem hlýst af samningaviðræðum og fellur þar undir allur eðlilegur kostnaður, svo sem ferðakostnaður, en í greininni er sérstaklega kveðið á um skyldu til að bera kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings sem nefndin getur valið sér til aðstoðar.

Um 8. gr.

Í greininni er að finna reglur um það hvernig sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir. Meginreglan er sú að ákvarðanir eru teknar með hreinum meiri hluta atkvæða, að því skilyrði uppfylltu að á bak við þann meiri hluta sé einnig meiri hluti starfsmanna hins fyrirhugaða Evrópufélags.

Í 2. mgr. er að finna sérreglu sem ætlað er að varna því að þátttökuréttur starfsmanna minnki við stofnun Evrópufélags. Aukinn meiri hluta atkvæða þarf til að samþykkja slíkt samkomulag og að auki þarf að uppfylla skilyrði um að þeir sem greiða samkomulaginu atkvæði séu fulltrúar aukins meiri hluta starfsmanna, auk þess að vera frá a.m.k. tveimur aðildarríkjum. Gildir þessi regla þegar Evrópufélag verður eignarhaldsfélag eða dótturfélag, og a.m.k. helmingur starfsmanna þátttökufélaganna eiga þátttökurétt og einnig þegar um samruna er að ræða og a.m.k. fjórðungur starfsmanna á slíkan rétt. Rétt er hins vegar að taka fram að óheimilt er að semja um minni þátttökurétt starfsmanna þegar Evrópufélag verður til við umbreytingu, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um tímafresti til að ljúka viðræðum, en skv. 5. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB verður samningaviðræðum að ljúka innan árs frá því að þær hefjast. Til að tryggja að upphaf viðræðna dragist ekki úr hófi er lagt til í frumvarpinu að viðræður skuli í

síðasta lagi taldar hefjast tveimur mánuðum eftir að nauðsynlegar upplýsingar berast fulltrúum starfsmanna. Með þessu móti er tryggt að ekki þurfi að fresta úr hófi skráningu Evrópufélags af ástæðum sem þáttökufélögin ráða engu um.

Um 10. gr.

Í greininni er að finna ákvæði, í samræmi við 6. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB, um heimildir sérstöku samninganefndarinnar til að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á viðræður og vísa þess í stað til gildandi reglna í einstökum aðildarríkjum um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema með auknum meiri hluta atkvæða, auk frekari skilyrða sem tilgreind eru í ákvæðinu. Rétt er hins vegar að taka fram að samninganefndinni er óheimilt að taka slíka ákvörðun ef stofna á Evrópufélag við umbreytingu, sbr. 6. mgr. greinarinnar og 3. mgr. 11. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild til að kalla sérstöku samninganefndina saman að nýju en almennt verður það ekki gert fyrr en að liðnum tveimur árum frá fyrri ákvörðun.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til efnis samkomulags milli fulltrúa starfsmanna og þáttökufélaganna um aðild starfsmanna Evrópufélagsins og svarar ákvæðið til 4. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Rétt er að hafa í huga að upptalningin í 1. mgr. er ekki tæmandi og er aðilum frjálst að semja um önnur atriði en þar koma fram.

Gert er ráð fyrir því sem meginreglu, eins og fram kemur í b-lið 1. mgr., að aðilarnir geri samkomulag um að starfandi verði fulltrúanefnd starfsmanna, sem að mörgu leyti svipar til evrópskra samstarfsráða í fyrirtækjum sem kveðið er á um í lögum nr. 61/1999. Í f-lið 1. mgr. er þó gert ráð fyrir að heimilt sé að semja um annað fyrirkomulag á upplýsingamiðlun og samráði.

Á meðal annarra atriða sem nauðsynlegt er að komi fram í samkomulagi aðila er gildissvið samkomulagsins, þ.e. til hvaða fyrirtækja, þ.m.t. dótturfélaga, því er ætlað að ná. Einnig er afar mikilvægt að í samkomulaginu komi fram í hvaða tilvikum það skuli endurskoðað, enda líklegt að breytingar verði á starfsemi Evrópufélagsins, svo sem vegna frekari samruna eða breytinga á starfsemi félagsins, eftir að það hefur verið stofnað. Slíkar breytingar geta hæglega haft áhrif á skiptingu sæta í fulltrúanefndinni. Rétt er að taka fram að í 21. gr. er kveðið á um skyldu til þess að taka viðræður upp að nýju ef um misnotkun er að ræða og getur það ákvæði átt við óháð því hvort samkomulag hefur verið gert samkvæmt þessari grein.

Í þeim tilvikum sem samkomulag næst samkvæmt þessari grein eiga ákvæði III. kafla frumvarpsins ekki við um Evrópufélagið nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi aðila, sbr. 2. mgr.

Loks er í 3. mgr. að finna kvöð sem takmarkar samningsfrelsi aðila en á einungis við þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu. Er þá óheimilt að semja um að réttur starfsmanna verði minni en hann var í þáttökufélaginu.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að löggjöf þess aðildarríkis, þar sem fyrirhugað er að aðalskrifstofa Evrópufélags verði staðsett, skuli gilda um málsmeðferð við samningaviðræður. Ákvæði tilskipunar nr. 2001/86/EB og eðli máls leiða þó í einstaka tilvikum til þess að landsréttur í hverju ríki gildi og á það til dæmis við um val fulltrúa hvers ríkis í sérstöku samninganefndina.

Um III. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði sem hafa að markmiði að innleiða efni viðauka með tilskipuninni. Geta ákvæði kaflans, eða einstakar greinar hans eftir því sem við á, gilt í þeim tilvikum þegar ekki hefur náðst samkomulag skv. 11. gr. eða ef aðilarnir koma sér saman um það, að uppfylltum skilyrðum.

Um 13. gr.

Greinin svarar til 7. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB og felur í sér nánari afmörkun á því hvenær ákvæði kaflans geta átt við um aðild starfsmanna að Evrópufélagi. Er meginreglan sú að ákvæði 14. og 15. gr., um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn, gilda frá og með skráningu Evrópufélags í þeim tilvikum þegar ekki hefur náðst samkomulag skv. 11. gr. og sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðun um að slíta viðræðum og bera fyrir sig reglur sem gilda um lík samskipti í hverju aðildarríki, sbr. 10. gr.

Andstæð regla gildir um þátttökurétt starfsmanna skv. 16. gr. Gilda þær reglur sem þar er kveðið á um aðeins í þeim tilvikum sem talin eru upp í 2. mgr. 13. gr., að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram.

Það getur ávallt gerst, til dæmis við samruna fyrirtækja frá mörgum aðildarríkjum, að þátttökuréttur starfsmanna byggist á ólíkum reglum. Þannig má nefna að nokkuð er um það í hollenskum hlutafélögum að þátttökuréttur felist í rétti fulltrúa starfsmanna til að mæla gegn setu eins eða fleiri fulltrúa í stjórn félags. Í flestum öðrum ríkjum er hins vegar algengast, þar sem þátttökuréttur er á annað borð fyrir hendi, að hann felist í rétti til að tilnefna einn eða fleiri fulltrúa í stjórnarstofnanir viðkomandi félags. Þessi ólíku form á þátttöku starfsmanna eru algerlega ósamrýmanleg og er það ástæða þess að í 3. mgr. er kveðið á um að í þeim tilvikum sem 16. gr. á við skuli sérstaka samninganefndin taka ákvörðun um hvaða form á þátttöku skuli gilda í Evrópufélaginu.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um skipan og hlutverk fulltrúanefndar starfsmanna Evrópufélags. Gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi um kjör fulltrúa íslenskra starfsmanna í nefndina og kveðið er á um í 6. gr., varðandi kjör fulltrúa í sérstöku samninganefndina, en um fjölda og skiptingu fulltrúa er í e-lið kveðið á um sambærilega reglu og í 5. gr. Um frekari skýringar vísast til athugasemda með þeim greinum.

Gert er ráð fyrir því að fulltrúanefndinni sé heimilt að kjósa sér framkvæmdaráð sem getur starfað milli reglulegra funda nefndarinnar. Þess má vænta að úrræðinu verði nokkuð beitt og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fulltrúanefndin skilgreini umboð framkvæmdaráðsins í starfsreglum sínum.

Rétt er að taka fram að þótt í 2. mgr. sé ekki gert ráð fyrir að viðræður hefjist fyrir en fjórum árum eftir að fulltrúanefnd er stofnuð geta þær engu að síður hafist fyrir í þeim tilvikum sem 21. gr. á við.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 15. gr.

Í greininni er að finna ítarleg ákvæði um rétt fulltrúanefndarinnar til að fá upplýsingar um einstök mál og skyldu Evrópufélags til að eiga samráð við nefndina. Heimildir þessar eru töluvert rýmri en þær sem gilda um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, sbr. 20. gr. laga nr. 61/1999, og er nægilegt skv. 1. mgr. að um sé að ræða málefni sem nær út fyrir ákvörðunar-

vald stjórnarstofnana Evrópufélagsins í einstöku aðildarríki. Einnig er greinin frábrugðin ákvæðum II. kafla laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000, að því leyti að fulltrúanefndin á rétt á því að krefjast annars samráðsfundar í þeim tilvikum þegar Evrópufélagið ákveður að fara ekki að álitni nefndarinnar, þar sem leita skal eftir samkomulagi um málið.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir því að fulltrúanefndin fundi a.m.k. árlega með þar til bæri stofnun Evrópufélagsins. Er samkvæmt tilskipun nr. 2001/86/EB gert ráð fyrir að það sé aðili sem hefur ákvörðunarvald, en það fer síðan eftir samþykktum og skipulagi Evrópufélagsins hver sá aðili er. Einnig á fulltrúanefndin rétt á því að óska eftir aukafundi á grundvelli upplýsinga um sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, sbr. 3. mgr. Framkvæmdaráð, sem skipað er skv. d-lið 1. mgr. 14. gr., hefur einnig heimild til að krefjast slíks fundar, einkum þegar ekki gefst tími vegna aðstæðna til að kalla saman fulltrúanefndina.

Samkvæmt greininni hefur samráð við fulltrúanefndina verulega þýðingu og getur nefndin m.a. krafist annars fundar í þeim tilvikum þegar þar til bær stofnun Evrópufélagsins ákveður að fara ekki að álitni nefndarinnar. Hins vegar er tekið fram í lokamálsgreininni að álit fulltrúanefndarinnar geti aldrei bundið hendur stjórnenda Evrópufélagsins og er það því eingöngu ráðgefandi.

Um 16. gr.

Eins og rakið er í athugasemdum við 13. gr. gilda ákvæði þessarar greinar, sem svarar til III. hluta viðauka við tilskipunina, einungis í afmörkuðum tilvikum, og því aðeins að ekki hafi verið samið um annað fyrirkomulag á þátttöku starfsmanna. Eins og fram kemur í k-lið 3. gr. er þátttökuréttur annaðhvort fólgin í því að fulltrúar starfsmanna kjósi eða tilnefni einn eða fleiri fulltrúa til setu í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins eða að fulltrúar starfsmanna geti hafnað setu eins eða fleiri fulltrúa sem kjörnir hafa verið af hluthöfum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að fulltrúanefnd starfsmanna ákveði skiptingu sæta í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins meðal fulltrúa starfsmanna í einstökum aðildarríkjum. Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu að sæti í stjórn og eftirlitsstjórn gangi til þeirra aðildarríkja þar sem starfsmenn eru flestir og að sæti skiptist samkvæmt hlutfallsreglu. Í þeim tilvikum þegar slík hlutfallsskipting leiðir til þess að starfsmenn í einstökum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitast við að jafna skiptingu sæta og njóta starfsmenn í því aðildarríki þar sem skrifstofa Evrópufélagsins er þá forgangs fram yfir aðra starfsmenn sem ekki hafa fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu. Hafa verður í huga að sjaldan verður um mikinn fjölda sæta að ræða en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að hlutfallsregla ráði ávallt fyrstu sætum sem koma til úthlutunar samkvæmt þessari grein.

Ekki þykir þörf á að setja ítarlega reglu um aðferðir í þeim tilvikum þegar þátttökuréttur starfsmanna felst í því að mæla með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins. Nægilegt þykir að fela fulltrúanefnd starfsmanna að setja reglur þar að lútandi.

Í þriðja viðauka tilskipunar nr. 2001/86/EB er ekki kveðið á um hvernig standa skuli að kjöri eða tilnefningu fulltrúa starfsmanna frá einstökum aðildarríkjum í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins. Í frumvarpinu er valin sú leið að beita sömu aðferð og gert er við tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina og fulltrúaráð starfsmanna, sbr. 6. gr. Hvað varðar fulltrúa frá öðrum aðildarríkjum er meginreglan sú að löggjöf viðkomandi aðildarríkis ráði, en þegar löggjöf til innleiðingar á tilskipuninni kveður ekki sérstaklega á um val fulltrúa skuli þetta vald falið fulltrúanefnd starfsmanna Evrópufélagsins.

Í lokamálsgreininni er tekinn af vafi um að fulltrúar, sem ákvæði greinarinnar eiga við um, skuli hafa sömu stöðu og réttindi og aðrir stjórnarmenn.

Um IV. kafla.

Í lokakafla frumvarpsins er að finna ýmis almenn ákvæði sem gilda hvort sem samningur hefur náðst um aðild starfsmanna, sbr. 11. gr., eða beitt er ákvæðum III. kafla.

Um 17. gr.

Í greininni er að finna almenna reglu um samskipti Evrópufélags og fulltrúa starfsmanna, í samræmi við 9. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Hún þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni er mælt fyrir um á hvern hátt fulltrúum starfsmanna sem annast samskipti við stofnanir Evrópufélags skuli veitt vernd gegn uppsögn og kjaraskerðingu, sbr. 10. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Greinin er að mestu efnislega samhljóða 31. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæði frumvarpsins og tilskipunar nr. 2001/86/EB gera ráð fyrir að fulltrúum starfsmanna séu veittar margháttaðar upplýsingar sem leynt eiga að fara, svo sem um áform er varða samruna fyrirtækja, nýja framleiðslutækni o.s.frv. Í greininni er gert ráð fyrir því, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar, að þátttökufélögum og stofnunum Evrópufélags sé heimilt að binda upplýsingar trúnaði. Sambærileg ákvæði er meðal annars að finna í 29. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, og 10. gr. laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000.

Þagnarskylda verður aðeins ákveðin í einstökum tilvikum og heimilar þessi grein frumvarpsins ekki að fulltrúar starfsmanna undirgangist almenna þagnarskyldu er varðar þær upplýsingar sem þeir fá í störfum sínum.

Ágreiningur um hvort heimilt sé að binda tiltekna upplýsingar þagnarskyldu verður borinn undir almenna dómstóla, sbr. 23. gr.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um heimild stofnana Evrópufélags eða þátttökufélaga til að undanskilja upplýsingar sem eru þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Heimildina verður að skýra fremur þröngt, meðal annars með vísan til þess að skv. 19. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði. Sambærilegt ákvæði er að finna í 30. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

Heimilt er að bera ágreining um lögmæti ákvörðunar samkvæmt þessari grein undir almenna dómstóla, sbr. 23. gr. Einnig getur varðað sektum að undanskilja upplýsingar sem skylt var að láta af hendi, sbr. 22. gr.

Um 21. gr.

Í ákvæðum tilskipunar nr. 2001/86/EB er skýrt tekið fram að réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, skuli vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að Evrópufélaginu. Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem breytingarnar varða. Af

Þessari ástæðu hefur frumvarp þetta að geyma ýmis ákvæði um að reglulega skuli yfirfara skipan fulltrúaráðs starfsmanna og ákvæði um endurupptöku samningaviðræðna aðila, hafi þær ekki leitt til gerðar samkomulags, sbr. 11. gr. frumvarpsins, og eru þessar reglur byggðar á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 11. gr. tilskipunarinnar er að auki lögð sú kvöð á þau ríki sem gerast aðilar að henni að gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra að stofnun Evrópufélags leiði til þess að starfsmenn séu sviptir aðildarrétti. Af þessari ástæðu er hér lögð til regla sem gerir aðilum skylt að hefja samningaviðræður að nýju ef skýrar vísbendingar eru um að tilgangur með stofnun Evrópufélags hafi verið sá að svipta starfsmenn aðildarrétti eða hindra að slíkur réttur yrði fyrir hendi.

Ef ágreiningur er um hvort ákvæðið eigi við skera dómstólar úr. Um samningaviðræður fer skv. II. kafla en í stað þess að sérstök samninganefnd starfsmanna sé skipuð fer fulltrúanefnd starfsmanna með samningsumboð fyrir starfsmenn.

Um 22. gr.

Samkvæmt greininni liggja fésektir við þeirri háttsemi sem þar er tilgreind, en skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB er aðildarríkjum skylt að tryggja að aðilar máls uppfylli þær skyldur sem kveðið er á um í tilskipuninni. Jafnframt ber aðildarríkjum að tryggja að viðeigandi úrræði séu fyrir hendi í þeim tilvikum þegar ekki er farið að ákvæðum tilskipunarinnar.

Rétt er að benda á að því stjórnvaldi sem fer með skráningu Evrópufélaga í hverju ríki ber skv. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001/EB að synja Evrópufélagi um skráningu nema gert hafi verið samkomulag í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, eða teknar hafi verið ákvarðanir skv. 10. gr. þessa frumvarps sem leitt hafa til þess að viðræðum hefur verið slitið. Jafnframt er aðildarríkjum heimilað í reglugerðinni að fela skráningaraðila að breyta samþykktum Evrópufélags sem fara í bága við aðildarrétt starfsmanna. Meðal annars af þessum ástæðum er það mikið hagsmunamál fyrir þau félög sem taka þátt í stofnun Evrópufélags að hafa gott samstarf við fulltrúa starfsmanna og gæta þess að í einu og öllu sé farið að ákvæðum tilskipunarinnar. Engu að síður þykir nauðsynlegt að kveða í frumvarpi þessu á um refsiviðurlög við tilteknum brotum.

Í 1. mgr. er að finna refsiakvæði sem einkum getur varðað fulltrúa starfsmanna. Er þar kveðið á um að það varði fésektum að láta af hendi trúnaðarupplýsingar. Rétt er að taka fram að ef ágreiningur er um hvort heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði er unnt að skjóta ágreiningi til dómstóla til að fá trúnaðarskyldu aflétt, sbr. 23. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsíabyrgð lögaðila. Er þar kveðið á um að ásetningsbrot gegn 4., 15., 18. og 21. gr. laganna varði lögaðila fésektum, en að jafnaði má ætla að brot gegn framangreindum ákvæðum séu eingöngu framin í þágu viðkomandi Evrópufélags, dótturfélags eða þáttökufélaga. Brot verður því aðeins talið refsivert að það sé til þess fallið að svipta starfsmenn Evrópufélags rétti sem varinn er samkvæmt lögnum. Dæmi um slíkt er ef starfsmenn þáttökufélaga leyndu fulltrúa starfsmanna upplýsingum eða gefa þeim rangar upplýsingar sem hafa áhrif á niðurstöðu samningaviðræðna skv. II. kafla eða á samráðsferli skv. 15. gr. Sama máli gegnir ef brotið er gegn reglum um vernd fulltrúa starfsmanna skv. 18. gr. eða ef tilgangurinn með stofnun Evrópufélags er að svipta starfsmenn þáttökurétti sem þeir höfðu fyrir stofnun félagsins.

Um 23. gr.

Í greininni er, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB, mælt fyrir um að ágreiningsmálum verði skotið til úrlausnar almennra dómstóla. Þar sem efni frumvarpsins er um margt flókið og ágreining getur borið að með ýmsu móti þótti ástæða til að taka fram hverjir ættu rétt til málshöfðunar og takmarkast sá réttur við aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Um 24. gr.

Greinin hefur að geyma heimild fyrir ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna og þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í greininni er fjallað um skil þeirra reglna, sem frumvarpið hefur að geyma, við aðrar laga-reglur og svarar ákvæðið til 13. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB. Efni tilskipunarinnar hefur meðal annars áhrif á ákvæði tilskipunar nr. 94/45/EB, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, og er í 1. mgr. gengið út frá því sem meginreglu að slík samstarfsráð verði ekki fyrir hendi innan Evrópufélags.

Í 2. mgr. er kveðið á um að reglur aðildarríkja um þátttöku starfsmanna gildi ekki um Evrópufélög og þarfnast það ákvæði ekki skýringa.

Í 3. mgr. kemur fram að efni frumvarpsins skuli ekki hafa áhrif á rétt starfsmanna til aðildar, til dæmis í dótturfélögum Evrópufélags og starfsstöðvum, að því leyti sem sá réttur varðar ekki þátttöku í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins. Má sem dæmi nefna að ef til álita kæmi að grípa til hópuppsagna í dótturfélagi Evrópufélags í aðeins einu aðildarríki mundi ekki reyna á ákvæði þessara laga heldur færi um samráð um þá ráðstöfun samkvæmt ákvæðum laga um hópuppsagnir sem gilda í því ríki.

Um 26. gr.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Evrópufélög, sem viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi, verður ekki unnt að skrá Evrópufélög fyrir en 8. október 2004. Samkvæmt 14. gr. tilskipunar nr. 2001/86/EB skulu þau ríki sem eru aðilar að tilskipuninni hafa lokið innleiðingu eigi síðar en þann sama dag.

Þar sem hugsanlegt er að formlegur undirbúningur að stofnun Evrópufélags hefjist fyrir gildistöku reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001, þar sem meðal annars kann að reyna á ákvæði þessara laga við kosningu fulltrúa í sérstaka samninganefnd starfsmanna, er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Með því móti á að vera unnt að koma í veg fyrir að möguleg réttaróvissa verði til þess að tefja skráningu Evrópufélags að ástæðulausu.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Frumvarpið hefur það að markmiði að innleiða reglur til að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga, sem kunna að eiga eftir að starfa hér á landi. Frumvarpið er tengt frumvarpi um Evrópufélög sem viðskiptaráðherra leggur fram.

Ekki er talið að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.